

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða,
greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993 (rekstur líkhúsa).

Frá Bryndísi Haraldsdóttur.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Búa ber um öskuna í þar til gerðum duftkerum úr forgengilegu efni. Heimilt er að grafa kerin niður í grafarstæði eða leggja þau í leiði ef vandamenn, er greinir í 1. mgr. 47. gr., óska þess. Sé ákveðið að grafa duftker skal dýpt duftkersgrafar vera um 1 metri.

b. 4. mgr. orðast svo:

Virða ber ósk hins látna um hvar og hvernig ösku er dreift eða hún varðveitt sé ósk hins látna sú að askan sé ekki jarðsett. Um nánari reglur um dreifingu ösku látins manns fer samkvæmt reglugerð settri með heimild í 1. mgr. 50. gr.

c. 5. og 6. mgr. falla brott.

Greinargerð.

Með lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, er óhætt að segja að um töluverða opinbera íhlutun sé að ræða þegar kemur að jarðneskum leifum fólks. Er álit flutningsmanna að sú opinbera íhlutun sé ónauðsynleg og engin ástæða til annars en að einstaklingar hafi meira frelsi um hvernig og hvort jarðneskar leifar þeirra séu varðveittar, grafnar eða þeim dreift. Með breytingartillögu þessari er lagt til að dreifing jarðneskra leifa verði gefin frjáls. Áfram þurfi að búa um öskuna í þar til gerðum duftkerum eftir líkbrennslu. Aftur á móti verður gefið frjálst hvað gert verður við kerin. Með tillögunni er jafnframt lagt til að ekki verði kveðið á um skyldu til að grafa kerin niður í grafarstæði eða leggja þau í leiði vandamanna heldur verði um heimild að ræða. Sé hins vegar ákveðið að grafa ker í kirkjugarði skal fylgja ákvæði laganna.